

## Vinnuskóli Seyðisfjarðar - garðþjónusta.

GJALDSKRÁ 2019

1. gr.

Markmið. Að þjónusta eldri borgara og öryrkja með slátt og umhirðu garða þann tíma sem vinnuskóli er starfræktur á sumrin

2. gr. Gjöld.

Lágmarksgjald fyrir slátt er 5.759 kr.

Sláttur á garði allt að 200 m<sup>2</sup> - 40 kr. m<sup>2</sup>.

Sláttur á stærri görðum - 33 kr. m<sup>2</sup>.

Lágmarksgjald fyrir umhirðu/hreinsun er 5.759 kr.

Umhirða/hreinsun garða allt að 200 m<sup>2</sup> - 40 kr. m<sup>2</sup>.

Umhirða/hreinsun stærri garða - 33 kr. m<sup>2</sup>.

3. gr.

Réttur til garðsláttar Miðað er við að slegnir séu garðar fyrir þá sem ekki geta séð um það sjálfir. Garðsláttur á vegum kaupstaðarins tekur við þar sem getu umsækjanda og annarra heimilismanna sleppir. Heimilt er að óska eftir læknisvottorði.

Alla jafna er boðið upp á garðslátt þar sem allir fullorðnir heimilismenn eru öryrkjar eða ellilífeyrisþegar en annars ekki.

Réttur til garðsláttar miðast við garða þeirra húsa þar sem umsækjandi hefur fasta búsetu.

4. gr.

Fjöldi slátta og fyrirvari Garðar umsækjenda eru slegnir eftir umsóknnum umsækjenda og eins og við verður komið af hálfu vinnuskólans. Gera má ráð fyrir að sláttur fari fram á vikutíma eftir að umsókn er móttækin.

5. gr.

Viðmið og mörk Gjaldskrá þessi miðast við sléttar grasflatir um annað þarf að semja sérstaklega við bæjarverkstjóra.

6. gr.

Umsjón Sláttur er í umsjón áhaldahúss kaupstaðarins og bæjarverkstjóri umsjónaraðili.

7. gr.

Umsóknir og reikningar. Umsóknir um garðslátt skulu berast  
bæjarskrifstofunni á eyðublöðum sem fást þar eða á  
heimasíðu bæjarins. Reikningar eru sendir út í byrjun hvers  
mánaðar á eftir.

8. gr.

Gildistaka. Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn  
Seyðisfjarðar 12. desember 2018